

ágreining þann, er hér um ræðir, eigi bera undir ráðherra og óskaði hann úrskurðar fógetadóms um ágreininginn.

Ályktarorð:

Framangreindum kröfum um töku umræddra tveggja stóðhesta úr vörzlum hreppstjóra Skarðshrepps og lögbann við sölu hesta þessara á uppboði er synjað.

Miðvikudaginn 15. maí 1963.

Nr. 5/1963. **Haraldur Eyjólfsson** (Páll S. Pálsson hrl.)
 gegn
hreppstjóra Staðarhrepps, Jóni Sigurðssyni
 (Guðmundur Ásmundsson hrl.).

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómaramir Árne Tryggvason, Gizur Bergsteinsson,
 Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og prófessor Theo-
 dór B. Línal.

Ágreiningur um framkvæmd uppboðs á stóðhesti.

Dómur Hæstaréttar.

Jóhann Salberg Guðmundsson, sýslumaður Skagafjarðar-sýslu, kvað upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. janúar 1963, krefst þess, að úrskurður hér- aðsdóms verði úr gildi felldur, synjað verði um framkvæmd uppboðs og að stefnda verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Haraldur Eyjólfsson, greiði stefnda, hreppstjóra Staðarhrepps, Jóni Sigurðssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsdóms Skagafjarðarsýslu 12. janúar 1963.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 9. þ. m., er þess krafizt af hreppstjóra Staðarhrepps, að úrskurðað verði, að fram skuli fara uppboð það á stóðhesti Haralds bónda Eyjólfssonar í Gautsdal í Austur-Húnavatnssýslu, sem sett var á Sauðárkróki 16. október s.l., og þá frestað vegna framkominna mót-mæla frá umboðsmanni téðs eiganda hestsins.

Af hálfu uppboðsþola er þess krafizt, að synjað verði um framgang uppboðsins og honum úrskurðaður hæfilegur málskostnaður úr hendi hreppstjóra Staðarhrepps vegna hreppsins.

Tildrög málsins eru samkvæmt gögnum þess eftirfarandi:

Mánudaginn 27. ágúst s.l., snemma nætur, fóru þeir Sveinn Guðmundsson kjörbúðarstjóri, Sauðárkróki, Steinbjörn Marvin Jónsson bóndi, Hafsteinsstöðum, Jón Tryggvi Baldvinsson bóndi, Dæli, og Friðrik Stefánsson, Glæsibæ, allir þrír í Staðarhreppi, vestur í Húnavatnssýslu „sem leið liggur“ sunnan við Staðaröxl, vestur Seltungu um Gyltuskarð og vestur í Viðidal og í Litla-Vatnsskarð. Þar komu þeir auga á rauðglófextan stóðhest í hrossahópi norðaustur af Móbergsselstjörn. Hest þennan skildu þeir úr hópnum ásamt tveimur geldum hryssum og ráku þessi þrjú hross með nokkrum lausum hestum, sem þeir félagar höfðu meðferðis, leið þá um hæl, sem þeir höfðu farið. Hryssurnar tvær skildu þeir frá við afréttargirðingu við heimalönd Staðarhrepps, á brúnunum suðaustur af Staðaröxl. Hryssurnar kveðast þeir hafa rekið aftur vestur á Seltungu. Stóðhestinn handsömuðu þeir í Staðarrétt og færðu hann hreppstjóra Staðarhrepps. Ferð þessa fóru téðir menn á vegum Hrossaræktarsambands Norðurlands.

Stóðhest þann, er hér um ræðir, auglýsti hreppstjóri Staðarhrepps til sölu á uppboði, er fram skyldi fara á Sauðárkróki 30. ágúst s.l. samkvæmt 2. mgr. 37. gr. laga nr. 54/1957. Ekkert boð var gert í hestinn á uppboðinu, og varð það því árangurslaust. Er uppboð á hestinum var sett 16. október. s.l. og reynt

í annað sinn, var framgangi þess mótmælt af hálfu uppboðspöla og því borið við, að taka hestsins hafi verið ólögleg, og þess jafnframt krafizt, að málinu væri vísað til úrskurðar uppboðsréttar, þar sem uppboðsbeiðanda og umboðsmanni eiganda hestsins væri gefinn kostur á að tjá sig um málið. Var uppboðinu því frestað af hálfu hreppstjóra Staðarhrepps í bili og því vísað til úrskurðar uppboðsréttar.

Með því að ágreiningur um uppboð það, er hér um ræðir, þykir með hliðsjón af 2. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 57/1959 bera undir úrskurð uppboðshaldara, var málið tekið fyrir á uppboðsþingi 9. þ. m. og þá tekið til úrskurðar.

Aðalrök af hálfu uppboðspöla gegn framgangi uppboðsins eru þau, að taka umrædds stóðhests hafi verið ólögleg, þar sem hesturinn hafi verið tekinn í heimahögum eigandans í lögsagnarumdæmi Húnavatnssýslu, en 36. gr. laga nr. 54/1957 um búfjárrækt beri að skilja svo, að eigi sé heimilt að handsama stóðhest í heimalandi eiganda í óleyfi hans, og geti slík handsömun eigi komið til fyrr en hesturinn hafi farið út fyrir landamerki eignarinnar. Þá er því og haldið fram, að eigi geti verið heimilt samkvæmt búfjárræktarlögum, að einstakir menn geri sér ferð í önnur lögsagnarumdæmi til slíkra aðgerða. Þá er og í þessu sambandi af hálfu uppboðspöla vitnað til 67. gr. og 69. gr. stjórnarskrárinnar um verndun eignarréttar og atvinnufrelsis, og talið, að taka stóðhests, svo sem þess er hér um ræðir, geti eigi samrýmzt þeim ákvæðum, þar sem eignar- og atvinnufrelsi búandi manns sé með slíku skert meira en téð stjórnarskrárákvæði heimili, og eigi þetta eigi hvað sízt við um bændur í Húnavatnssýslu, sem rækti hross til þess að afla folaldakjöts til sölu á almennum markaði. Er því samkvæmt þessu haldið fram, að ef ákvæði búfjárræktarlaga eru „skilin viðtækt“, myndu þau að þessu leyti brjóta í bág við stjórnarskrána og því vera ógild. Þá er og af hálfu uppboðspöla véfengdur réttur hreppstjóra Staðarhrepps til að bjóða téðan stóðhest upp til sölu á uppboði. Er á það bent, að jafnvel þótt svo yrði litið á, að taka hestsins hafi verið heimil, beri sala hans á uppboði undir hreppstjóra í þeim hreppi, sem hesturinn var handsamaður í.

Hreppstjóri Staðarhrepps, Jón óðalsbóndi Sigurðsson á Reynistað, hefur neitað að taka téð mótmæli gegn framgangi uppboðs á stóðhestinum til greina og krafizt þess, að úrskurðað verði, að uppboðið skuli fara fram, eins og lög mæla fyrir.

Hvað þá staðhæfingu af hálfu uppboðspöla varðar, að um-

ræddur hestur hafi verið handsamaður í heimalandi eigandans, væntanlega Gautsdal í Bólstaðarhlíðarhreppi, er það að segja, að eigi eru leidd að því rök og því ósannað, að svo hafi verið. Tökumenn hestsins hafa allir að kröfu umboðsmanns uppboðspóla verið yfirheyrðir í sakadómi Sauðárkróks um töku hestsins, og ber þeim saman um það, að hann hafi þeir fundið norðaustur af Móbergsselstjórn í Litla-Vatnsskarði. Eftir því, sem bezt verður séð af opinberum uppdráttum af Íslandi (kortum frá Geodætisk Institut), er Móbergsselstjórn ofarlega í Litla-Vatnsskarði, eigi langt frá sýslumörkum, og getur sá staður vart talizt annað en afréttarland. Er raunar vandséð, hvoru megin sýslumarka, innan Húnavatnssýslu eða Skagafjarðarsýslu umræddur stóðhestur hefur verið, er að honum var komið og rekstur hans austur á bóginn hófst. Skiptir þetta raunar eigi meginmáli. Ákvæði 36. gr. laga nr. 54/1957 eru skýr um það, að óheimilt er að láta stóðhesta ganga lausa í heimahögum eða á afréttum, nema sérstök heimild sé til slíks, og verður eigi séð, að slík heimild hafi verið fyrir hendi, hvað stóðhest þann varðar, er hér um ræðir. Og í 2. mgr. 36. gr. sömu laga segir, að verði vart við slíkan hest án heimildar, beri að handsama hann og flytja til hreppstjóra. Verður þetta ákvæði vart á annan veg skilið en þann, að skylda til umræddrar meðferðar sé lögð á þann eða þá, sem finna slíkan hest „lausan“ (án vörzlu eða gæzlu) í heimahögum eða á afréttum, svo framarlega sem sá eða þeir eru þess umkomnir að handsama hestinn. Verður samkvæmt þessu eigi á það fallizt, að taka og handsömun hestsins hafi verið andstæð lögum. Það er viðurkennt af tökumönnum hestsins og ómótmælt, að ferð þeirra, er þeir tóku hestinn, hafi verið gerð að beiðni stjórnar Hrossaræktarsambands Norðurlands vegna grunar um, að stóðhestar gengju lausir í afréttarlöndum Austur-Húnavatnssýslu, en á því svæði, er hér kemur við sögu, liggja afréttarlönd Húnavetninga og Skagfirðinga saman. Verður eftir atvikum eigi talið óeðlilegt, að þeir gerðu ferðina til að leita af sér grun í þessu efni.

Hvað þá viðbáru af hálfu uppboðspóla varðar, að með töku hestsins og ráðstöfun á honum, eins og farið hefur, sé brotið gegn ákvæðum 67. gr. og 69. gr. stjórnarskrárinnar um verndun eignaréttar og atvinnufrelsis og „ákvæði“ búfjarræktarlaga (væntanlega 36. og 37. gr.) fái, ef skilin eru „víðtækt“, eigi staðizt samkvæmt téðum stjórnarákvæðum, verður eigi á slíkt fallizt. Þeim skilningi dómsins til stuðnings má benda á, að Bún-

aðarþing, sem er stéttarleg fulltrúasamkoma bænda, hefur tjáð sig um þessi ákvæði á s.l. ári, og verður eigi annað séð en þingið hafi lýst stuðningi sínum við ákvæðin, sbr. dskj. nr. 5. Er hér um að ræða greinargerð með ályktun þingsins í tilefni af samþykkt, sem lögð var fyrir það um lausagöngu stóðhesta að sumarlagi á heiðunum milli Blöndu og Miðfjarðargirðingar, og vildi Búnaðarþing eigi fallast á samþykkt þessa. Í greinargerðinni er því mótmælt, að verið sé að „kúga bændur“, að því er ákvæði búfjárræktarlaga varðar og m. a. er þannig komið að orði um lögin, að þau hafi verið samin og „sett til hagsbóta íslenskri bændastétt og unnið hafi sitt gagn, þar sem þau hafi verið virt og haldin“. Þó að búfjárræktarlögin setji ýmsar reglur og reisi nokkrar skorður, sem að vísu þrengja að nokkru frjálsræði bænda um meðferð á búfé sínu, verður að fallast á þá skoðun með Búnaðarþingi, að lögunum er ætlað að efla hag bænda almennt. Þykja eigi rök til þess að líta svo á, að umdeild ákvæði búfjárræktarlaga fari í bága við téð ákvæði stjórnarskrárinnar.

Kemur þá að því atriði, sem haldið er fram af hálfu uppboðsþola, að uppboð á téðum stóðhesti, ef af skyldi verða, beri eigi undir hreppstjóra Staðarhrepps, heldur eigi að framkvæma það hreppstjórinn í þeim hreppi, þar sem land það liggur, er hesturinn fannst í. Í 2. mgr. 37. gr. laga nr. 54/1957 segir, að „hreppstjóri“ skuli selja fundna stóðhesta á uppboði og gera á því skil, án þess að beinum orðum segi, hver og hvar sá hreppstjóri skuli vera. Samkvæmt orðanna hljóðan virðist eigi skipta máli, hver hreppstjórinn er, sem uppboðið heldur í þessu sambandi. Svo getur staðið á, að eðlilegt og skynsamlegt sé að afhenda slíka hesta hreppstjóra til meðferðar utan þess hrepps, sem hestarnir eru úr eða voru handsamaðir í. Eins og hér stendur á og leið hestatökumannanna var háttað, var auðveldast og lá beinast við fyrir þá að snúa sér til hreppstjóra Staðarhrepps, svo sem þeir gerðu. Af hálfu eiganda hestsins hafa eigi verið leidd rök að því, að hagsmunir hans séu fyrir borð bornir eða þeim stefnt í voða, þótt hreppstjóri Staðarhrepps framkvæmi uppboð það, er hér um ræðir. Verður heldur eigi séð, að svo þurfi að vera, nema síður sé. Þykir því eigi rétt að taka framkomin mótmæli gegn framgangi uppboðsins til greina. Ber því samkvæmt kröfu hreppstjóra Staðarhrepps að úrskurða, að téð uppboð á stóðhesti Haralds Eyjólfssonar í Gautsdal skuli fara fram og hreppstjóri Staðarhrepps framkvæmi það uppboð.

Rétt þykir, að málskostnaður skuli falla niður.

Ályktarorð:

Hreppstjóra Staðarhrepps ber að framkvæma uppboð á umræddum stóðhesti Haralds bónda Eyjólfssonar í Gautsdal í Austur-Húnavatnssýslu.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 15. maí 1963.

Nr. 47/1963. **Helgi Benediktsson**

gegn

**Bæjarstjóranum í Vestmannaeyjum
f. h. bæjarsjóðs.**

Dómendur:

hæstaréttardómaramennir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og prófessor Theodor B. Lindal.

Kærumál. Ómerking héraðsdóms. Heimvísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, settur bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, kvað upp héraðsdóminn.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 29. marz 1963, sem barst dómnum hinn 17. apríl s.l., og krefst þess, að ákvæði héraðsdóms um frávísun verði úr gildi fellt, lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á sakarefni, er frávísun sætti, og að varnaraðilja verði dæmt að greiða kærumálskostnað.

Varnaraðili hefur tekið undir kröfu sóknaraðilja, að því er varðar ákvæði héraðsdóms um frávísun, og krafizt kærumálskostnaðar af sóknaraðilja.

Samkvæmt 108. gr. laga nr. 85/1936 á héraðsdómari að taka til úrlausnar frávísunaratriði, áður en til efnisdóms komi, þannig að bera megi þau atriði undir Hæstarétt, áður en dómur er lagður á efni máls. Þetta hefur héraðsdómari eigi gert. Verður því að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.